

Fundargerð



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps. *74. fundur.*

að Hlíðavegi 6, fimmtudaginn 11. mars 2010, kl. 13:30.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Erindi frá Tryggva Finnssyni f.h. Héraðsnefndar þar sem óskað er eftir athugasemdum við drög að endurskoðaðri fjallskilasamþykkt.
3. Erindi frá Laufeyju Sigurðardóttur f.h. Músík í Mývatnssveit.
4. Norðursvæði Vatnajökulspjóðgarðs, tillaga að verndaráætlun.

Til kynningar:

Fundargerð stjórnar Sambands ísl. sveitarfél. dags. 26. feb.

Bréf Umhverfisstofnunar dags. 2. mars.

Afrit af bréfi Umhverfisstofnunar til Landsvirkjunar dags. 3. mars.

Bréf UMFÍ dags. 4. mars.

Punktur af umræðum í Eypings hópi á vinnufundi um yfirfærslu málefna fatlaðra 24. feb.

Bréf Kjartans og Steins Lárussona f.h. Ferðapjónusta, ráðgjöf.

Afrit af bréfi Skipulagsstofnunar til Umhverfisstofnunar dags. 19. feb.

Mættir: Margrét Hólm Valsdóttir, Ingunn Guðbjörnsdóttir, Kristján Stefánsson, Dagbjört Bjarnadóttir, Böðvar Pétusson.

1. Fundarsetning.

Oddviti setti fund.

2. Erindi frá Tryggva Finnssyni f.h. Héraðsnefndar þar sem óskað er eftir athugasemdum við drög að endurskoðaðri fjallskilasamþykkt.

Héraðsnefnd skipaði á liðnu hausti nefnd til að endurskoða fjallskilasamþykktir í Þingeyjarsýslum. Setti nefndin upp drög að fjallskilasamþykkt sem gæti gilt allt frá Eyjafjarðará að mörkum Vopnafjarðar. Haft var að leiðarljósi að markmiðið væri að ná öllu fé að hausti með skipulegum hætti og hóflegum kostnaði og því fyrri mörk sveita og sýslna ekki ráðandi. Jafnframt var horft til þess að með stækkun sveitarfélaga og breyttum sveitarfélagamörkum má ætla að sveitarstjórnir fjarlægist stjórnun fjallskila þó lagaleg ábyrgð sé áfram hjá sveitarstjórnunum. Í nýrri samþykkt eru fjallskilastjórnir því ætluð aukin völd.

Sveitarstjórn fékk Sólveigu Erlu Hinriksdóttur til fundarins en hún situr í nefndinni sem falið var að endurskoða fjallskilasamþykktir í Þingeyjarsýslum. Ýmislegt rætt og svaraði hún þeim spurningum sem til hennar var beint. Sveitarstjórn gerir nokkrar athugasemdir við fyrirbyggjandi drög. Sveitarstjóra falið að koma þeim á framfæri, í anda þeirrar umræðu sem var á fundinum.

3. Erindi frá Laufeyju Sigurðardóttur f.h. Músík í Mývatnssveit.

Með bréfi dags. 21. febrúar óskar Laufey Sigurðardóttir eftir fjárstuðningi vegna hátíðarinnar Músík í Mývatnssveit 2010. Hátíðin er nú haldin í tólfta sinn og að venju í Skjólbrekku að kvöldi skírdags og í Reykjahlíðarkirkju að kvöldi föstudagsins langa.

Sveitarstjórn samþykkir að styrkja verkefnið um kr. 50.000.-

4. Norðursvæði Vatnajökulspjóðgarðs, tillaga að verndaráætlun.

Fyrir fundinum liggur tillaga svæðisráðs norðursvæðis til verndaráætlunar fyrir norðursvæði Vatnajökulspjóðgarðs ásamt viðaukum. Tillagan er unnin af Náttúrustofu Norðausturlands í samráði við svæðisráðið. Í tölvupósti frá Böðvari Péturssyni, formanni svæðisráðs norðursvæðis kemur fram að á þessu stigi er verið að óska eftir athugasemdum frá sveitarstjórnunum á svæðinu svo hægt sé að taka tillit til þeirra áður en að endanleg tillaga fer til kynningar. Í meðfylgjandi verkáætlun er gert ráð fyrir að endanleg tillaga fari til kynningar og auglýsingar fyrir almenning í apríl.

Böðvar Pétursson vék af fundi undir þessum lið í hans stað mætti Elín Steingrímsdóttir.

Frestað til næsta fundar.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Margrét Hólm Valsdóttir,

Ingunn Guðbjörnsdóttir,

Kristján Stefánsson,

Dagbjört Bjarnadóttir,

Böðvar Pétursson.

Elín Steingrímsdóttir